



DIMMA

Starfsáætlun

Félagsmiðstöðin Dimma 2023-2024

Sunna Rut Garðarsdóttir

sunna.g@kopavogur.is

Hagnýtar upplýsingar	3
Opnunartímar Dimmu	3
Félagsmiðstöðvadaatal 2023 – 2024	3
Starfið í vetur	4
Opið starf	4
Áherslur í vetur	4
Valáfangar og samstarf við skóla	5
Miðstigsstarf	5
Viðburðir í vetur	5
Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar	5
Sameiginlegir viðburðir	6
Viðburðir í samvinnu við skólann	6
Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés	6
Hópastarf	6
Klúbbastarf	6
Sértækt hópastarf	7
Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.	7
Félkó miðstöðin	7
Sumaropnun félagsmiðstöðva	8
Unglingaráð	8
Nemendaráð	9
Félkóraráð	9
Ungmennaráð Kópavogs	9
Ungmennaráð Samfés	9
Samstarf við foreldra	10
Verkefni tengd aðgerðaráætlun Mennstefnu Kópavogsbæjar	10
Innra og ytra mat	10
Símenntun	11
Símenntuntunaráætlun 2023-2024	12
Fjöldatölur	13
Starfsmenn Dimmu	13

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Dimma er fyrir börn og unglinga í 5.-10. bekk og er staðsett í Vatnsendaskóla, Funahvarfi 2. Dimma er með skrifstofu og aðstöðu fyrir unglingana á neðri hæð skólans en einnig höfum við aðgang að matsalnum, hátíðarsalnum og afnot af kennslustofum í samráði við kennara Vatnsendaskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 5.-7. bekk eru 178 nemendur og í 8.-10. bekk eru 199 nemendur, samtals 377 nemendur í 5.-10. bekk í Vatnsendaskóla.

Forstöðumaður í Dimmu er Sunna Rut Garðarsdóttir. Síminn í Dimmu er 696-1630 og netfang forstöðukonu er sunna.g@kopavogur.is.

Opnunartímar Dimmu

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 – 22:00 og annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Á haustönn verða tvær auka föstudagsopnir sem verða 6. október og 17. nóvember.

Félagsmiðstöðvadagatal 2023 – 2024

JÚLÍ '24	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F Öylu	1 S	1 M Stjórnendafundur	1 F	1 M Nýbúðagur	1 F	1 F Öylu - Skrifstofa Félid	1 M Anna / Pálkur	1 M Þorvaldur Ólafsson	1 L
2 Þ	2 L	2 M Stjórnendafundur	2 F	2 L	2 Þ Félagsmiðstöðin	2 F Hótelkall - Þessur	2 L Skrifstofa Félid	2 Þ Félagsmiðstöðin	2 F	2 Þ
3 M	3 S	3 Þ Félagsmiðstöðin	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S Skrifstofa Félid	3 M Samhættur	3 F Samsetningurinn / Þessur	3 M Stjórnendafundur
4 F	4 M	4 M Félagsmiðstöðin	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Stjórnendafundur	4 F	4 L Stjórnendafundur	4 Þ
5 F	5 Þ Félagsmiðstöðin	5 F	5 S	5 Þ Félagsmiðstöðin	5 F	5 M Stjórnendafundur	5 Þ Félagsmiðstöðin	5 F	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F	6 M Stjórnendafundur	6 M	6 L	6 Þ Félagsmiðstöðin	6 M	6 L	6 M	6 F
7 S	7 F	7 L	7 Þ Félagsmiðstöðin	7 F	7 S	7 M Stjórnendafundur	7 F	7 S	7 Þ Félagsmiðstöðin	7 F
8 M	8 F	8 S	8 M Stjórnendafundur	8 L	8 Þ Félagsmiðstöðin	8 F	8 M	8 L	8 M	8 F
9 Þ	9 L	9 M	9 F	9 S	9 Þ Félagsmiðstöðin	9 F	9 L	9 Þ Félagsmiðstöðin	9 F	9 S
10 M	10 S	10 Þ Félagsmiðstöðin	10 F	10 L	10 M	10 Þ Félagsmiðstöðin	10 S	10 M	10 F	10 M
11 F	11 M	11 L	11 M	11 F	11 M	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 F	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ Félagsmiðstöðin	12 F	12 M Stjórnendafundur	12 Þ Félagsmiðstöðin	12 F Öylu	12 S	12 M
13 L	13 M	13 F	13 M	13 L	13 M	13 Þ Félagsmiðstöðin	13 L	13 M	13 F	13 Þ
14 S	14 F	14 L	14 M Stjórnendafundur	14 F	14 S	14 M Stjórnendafundur	14 F	14 S	14 Þ Félagsmiðstöðin	14 F
15 M	15 F	15 S	15 M Stjórnendafundur	15 L	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 L
16 Þ	16 M	16 F	16 M Stjórnendafundur	16 L	16 M	16 F	16 L	16 M	16 F	16 S
17 M	17 S	17 Þ Félagsmiðstöðin	17 F	17 S	17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 M
18 F	18 M	18 L	18 M Stjórnendafundur	18 F	18 M	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ
19 F	19 Þ Félagsmiðstöðin	19 F	19 S	19 Þ Félagsmiðstöðin	19 F	19 M Stjórnendafundur	19 Þ Félagsmiðstöðin	19 F	19 S	19 M
20 M	20 F	20 L	20 M	20 F	20 S	20 M	20 F	20 L	20 M	20 F
21 M	21 F	21 S	21 M	21 L	21 M	21 F	21 M	21 F	21 L	21 Þ
22 Þ	22 M	22 F	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 L	22 Þ
23 M	23 F	23 S	23 M	23 L	23 M	23 F	23 M	23 F	23 L	23 Þ
24 F	24 M	24 L	24 M	24 F	24 S	24 M	24 F	24 L	24 M	24 F
25 F	25 M	25 S	25 M	25 L	25 M	25 F	25 M	25 F	25 L	25 Þ
26 L	26 F	26 L	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 L	26 M	26 F
27 S	27 F	27 S	27 M	27 L	27 M	27 F	27 M	27 F	27 L	27 Þ
28 M	28 F	28 L	28 M	28 F	28 S	28 M	28 F	28 L	28 M	28 F
29 Þ	29 M	29 F	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 L	29 Þ
30 M	30 F	30 S	30 M	30 L	30 M	30 F	30 M	30 F	30 L	30 Þ
31 F	31 M	31 S	31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 F	31 L	31 Þ

Á félagsmiðstöðvadagatalinu má finna helstu tímasetningar yfir árið á fræðslu, fundum og sameiginlegum viðburðum. Mikil samvinna er á meðal félagsmiðstöðva í Kópavogi. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna funda saman hverja viku, annars vegar í óformlegu spjallium þá hluti sem þarf að ræða sem kallast litli forstöðumannafundur og hinsvegar á fundi

með deildastjóra. Á þeim fundum eru forstöðumenn upplýstir um einstaka mál, rætt um ýmis mál og lagt fram hugmyndir fyrir starfið.

Starfið í vetur

Opið starf

Dagskrá Dimmu á kvöldin er mjög fjölbreytileg og er hún unnin í samstarfi með nemendaráði. Dagskrá er gerð fyrir hvern mánuð og er hún auglýst á Instagram, Facebook sem og send út í pósti í gegnum Mentor og hengd upp í skólanum

Hér má sjá dagskrá sem var gefin út fyrir september mánuð.

DAGSKRÁ DIMMU					SEPTEMBER 2023
MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR	
28. ÁGÚST 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 FYRSTA OPNUN! VÖFFLUR OG HK-ÍBV Á SKJÁNUM	29. ÁGÚST 11:30-15:00 Opið	30. ÁGÚST 17:00-18:30 NÚÐLUR OG NÖLDUR 19:30-22:00 STARFSMANNA KAHOOT	31. ÁGÚST 09:30-15:00 Opið	1 19:30-22:45 VÖKUKVÖLD 8. BEKKJAR	
4 17:00-18:30 19:30-22:00 HUNDAGANGA OG HJARTSLÁTTUR	5 09:30-15:00 Opið	6 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 SKOTBOLTI	7 09:30-15:00 Opið	8 Lokað	
11 17:00-18:30 Samlokur og Shrek 19:30-22:00 SPIKEBALL MÓT	12 09:30-15:00 Opið	13 17:00-18:30 7. BEKKJAROPNUN 19:30-22:00 SNAKKSMÁKK	14 Lokað	15 19:30-22:45 STÓRMÓT DIMMU Í FIFA	
18 17:00-18:30 PERLUR OG PODCAST 19:30-22:00 ÍS FERÐ	19 09:30-15:00 Opið	20 17:00-18:30 MIDSTIGSOPNUN 19:30-22:00 BORÐTENNISMÓT	21 09:30-15:00 Opið	22 Lokað	
25 17:00-18:30 Lokað 19:30-22:00 ÍTK PEPP	26 09:30-15:00 Opið	27 17:00-18:30 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR 19:30-22:00 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR	28 09:30-15:00 Opið	29 15:00-18:00 ÍTK ÍPRÓTTALEIKAR 20:00-22:45 ÍTK BALL	

Áherslur í vetur

Á starfsmannafundi var rætt hvaða áherslur við viljum leggja á starfið í vetur. Við viljum leggja áherslu á að sporna gegn neikvæðri unglingamenningu sem við höfum tekið eftir að hefur verið að myndast að undanfögnu. Okkar upplifun er að fordómar sem koma að kynþáttum og hinsegin samfélaginu hafa aukist og við viljum því leggja aukna áherslu á að stíga upp á móti því og gera það ljóst að öll eru velkomin í Dimmu.

Leiðir að því markmiði er til að mynda sýnileiki, kaupa fána, lykklabönd og annað sem gefur til kynna að hér séu allir samþykkir. Einnig þurfum við að taka orðræðu alvarlega og minna

stöðugt á að orð hafa áhrif. Fræðsluvika Félkó er haldin 2. og 4. október og hefur verið ákveðið að þemað í ár eru hinsegin málefni.

Valáfangar og samstarf við skóla

Forstöðumaður og 78% starfsmaður sjá um félagsmálaval sem jafnframt er nemendaráðið okkar. Það er gert í góðu samstarfi með skólanum (sjá nánar um félagsmálavalið í liðnum um nemendaráð).

Einnig erum við, í samstarfi með skólanum að byrja með Stílsval, það er enn á þróunarstigi en hugmyndin er að Dimma muni aðstoða með hugmyndavinnu og almenna praktík er viðkemur viðburðinum, en textílkennari skólans muni halda utanum saumaskapinn og efnisvinnunna í samvinnu við nemendur sem taka þátt

Forstöðumaður Dimmu situr fundi með deildastjóra unglingastigs annan hvern fimmtudag til þess að ræða ýmis mál varðandi nemendur á unglingastigi og að upplýsa hvort annað um stöðu mála.

Miðstigsstarf

Í miðstigsstarfi eru öll 5.-7.bekk velkomin. Á dagskrá er verið að gera ýmislegt skemmtilegt, t.d pílukeppni, karaoke, minute to win it, útileikir, Tie Dye bolamálun og ýmislegt fleira. Í ár hefur skipulagi opnanna verið breytt aðeins, í staðinn fyrir að hafa opið fyrir alla á miðstigi tvisvar í mánuði verður opið einu sinni í mánuði fyrir hvern árgang. Við sáum að með fyrra skipulagi var erfitt að halda utan um hópinn og vera með dagskrá sem höfðaði til flestra.

Viðburðir í vetur

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvar

Viðburðir á vegum félagsmiðstöðvarinnar eru margvíslegir. Gerð er dagskrá í lok hvers mánaðar fyrir næsta mánuð í samvinnu við nemendaráðið. Stærsti fasti viðburðurinn er Árshátíð Dimmu og Vatnsendaskóla sem fer fram í apríl.

Sameiginlegir viðburðir

Félkó er samstarf félagsmiðstöðva innan Kópavogs og stendur það fyrir ýmiskonar viðburðum. Íþróttavikan, spurningakeppnin Getkó, sköpunardagurinn, forvarnarvikan, söngkeppni auk balla eru hluti af föstum viðburðum hjá Félkó ár hvert. Mikill tilhlökkun og stemning er fyrir þessum viðburðum.

Viðburðir í samvinnu við skólann

Velvilji er hjá öllum aðilum að hafa gott samstarf á milli félagsmiðstöðvar og skólans.

Árshátíð hefur verið samstarfsverkefni á milli skóla og félagsmiðstöðva og unnið er að útsetningu að jólaballi.

Sameiginlegir viðburðir á vegum Samfés

Samfés heldur úti viðburðum fyrir félagsmiðstöðvar allstaðar á landinu. Landsmót samfés er viðburður yfir helgina 7.-9. október þar sem 5 unglingar frá hverri félagsmiðstöð hittast í skipulagðri dagskrá. Þessa helgi verður einnig kosið í Ungmennaráð Samfés og í lok helgarinnar er Landsþing ungmenna sem er stýrt af ungmennaráðinu. Aðrir viðburðir eru til að mynda Rímnaflæði; rappkeppni á meðal unglinga. Danskeppni, Stíll sem er hönnunarkeppni og er haldin í samstarfi við Félkó. Lan; viðburður þar sem keppt er í tölvuleikjum, einnig haldið í samstarfi við Félkó, Söngkeppni Samfés og Samfestingurinn sem er sameiginlegt ball fyrir allar félagsmiðstöðvar á landinu.

Hópastarf

Klúbbastarf

Klúbbastarf eru klúbbar sem eru sniðnir í kringum sérstök áhugamál. Oft er dræm mæting í þessa klúbba en þetta getur þó verið ansi dýrmæt stund fyrir þá sem mæta. Einhverjar hugmyndir af klúbbum eru komnar.

Samlokur og Shrek: Þessi klúbbur hefur verið vinsæll. Við smyrjum okkur samlokur og horfum saman á Shrek

Núðlur og nöldur: Annar vinsæll klúbbur, fáum okkur núðlur og ræðum daginn og veginn. Í þessum klúbb má pústa og kvarta yfir öllu sem angrar okkur.

Föndurklúbbur: Þessi klúbbur er mjög opin og hægt að gera allskonar, kertagerð, leir, málning eða hvað sem okkur dettur í hug. Upplagt væri að nýta Félkó miðstöðina inn á milli þar sem aðstaðan þar er frábær fyrir ýmislegt föndurtengt.

Matar/bökunarklúbbur: Starfsmenn hitta þá nemendur í heimilisfræðistofu í Vatnsendaskóla og verður eldað/bakað saman og svo í lokin borðað saman.

Premium League klúbbur: Fyrir fótboltaáhugafólk. Leikir og keppnir sýnt í Dimmu í gegnum app, og því auðvelt fyrir alla að taka þátt.

Sértækt hópastarf

Félkó heldur utan um sameiginlegt sértækt hópastarf í Félkó miðstöðinni. Tveir hópar eru farnir að stað og það er D&D klúbbur og Hinsegin hópastarf. Markmið er að fjölga þessum hópum í takt við húsnæði og starfsfólk.

Verkefni sem snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum.

Vatnsendaskóli og Dimma eru Réttindaskóli UNICEF. Í því verkefni koma inn fræðsluerindi fyrir nemendur sem snýr bæði að Barnasáttmálanum og Heimsmarkmiðunum.

Starfið í félagsmiðstöðinni er stöðugt að vinna eftir Heimsmarkmiðunum og Barnasáttmálanum alla daga í starfi félagsmiðstöðvarinnar, með því að þjálfa unglingana að vera lýðræðislega þenkjandi, leyfa þeirra röddum að heyrast og hlusta á skoðanir þeirra

Félkó miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á mót nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Sumaropnun félagsmiðstöðva

Dimma stendur fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru af ýmsum toga t.d. Skemmtigarðurinn, frísbíggolf, skartgripagerð, brönsgerð o.fl.

Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana en lögð var áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frísbíggolf, vatnsbyssustríð, útileikir, ísferðir og fleira sé nefnt. Opnanir voru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Dagopnanir voru á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00-16:00 og fyrir hádegi á föstudögum. Í sumar var starfsfólk Dimmu einnig í miklum samskiptum og í samvinnu við Vinnuskóla Kópavogs. Unglingarnir gátu fengið að mæta til okkar þegar opnun var í Dimmu þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta sótt um að vinna í Dimmu í stað þess að vera úti í beðum og hefur það samstarf gengið mjög vel. Í sumar voru sex unglingar hér við vinnu, starfið með þeim var sett upp sem sértækt hópastarf. Þetta voru sex stelpur sem voru að klára 8. Bekk. Yfir veturinn höfðum við ekkert séð þessar stelpur en vissum þó að þeim, okkur fannst þær vanta félagslega hvatningu svo að hópastarfið var unnið með það að markmiði að virkja þær félagslega og hvetja þær til þátttöku í Dimmu.

Eftir að tímabilið í Dimmu kláraðist tók við Félkó Flakkandi í 3 vikur. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð erað virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Unnið var í góðu samstarfi við foreldra, velferðarsvið, lögreglu, Flotann sambærilegt vettvangstarf hjá Reykjavíkurborg, og aðra sem koma að málefnum ungs fólks í sveitarfélaginu

Unglingaráð

Ýmis ráð standa krökkunum til boða til að bjóða sig fram í og nýta sína rödd.

Nemendaráð

Í nemendaráði Dimmu sitja 16 unglingar. Nemendaráðið er valgrein og þeir sem hafa áhuga geta skráð sig í nemendaráðsval. Á fyrsta fundi var kannaður áhugi í ungmennaráð, félkó ráð og hverjir hefðu áhuga á að fara á landsmót Samfés. Í ár var ákveðið að vera ekki með formann eða varaformann, reynsla síðasta árs sýnir að það sé í raun óþarfi og dragi jafnvel úr þeim meðlimum sem eru ekki kosin í slík hlutverk.

Ýmis mál eru rædd á nemendaráðsfundum hverju sinni, framkvæmd og útfærsla viðburða ásamt þeim málefnum er snúa að unglingum hverju sinni. Þau sem sitja í nemendaráði eru hvött til að taka virkan þátt í öllu starfi Dimmu og hvetja samnemendur til þátttöku. Einnig eru þeir sem sitja í nemendaráði minnt á að þau eru fyrirmyndir skólans og brot á reglum skólans/landslögum hafa afleiðingar innan nemendaráðsins.

Félkóráð

Félkó ráðið er ráð sem stendur af tveimur unglingum úr hverri félagsmiðstöð þvert yfir Kópavog. Félkóráðið sér um að skipuleggja böll og auka föstudagsopnanir. Hlutverk þeirra er í raun að vera rödd unglinga til að hafa áhrif á skipulag á sameiginlegum viðburðum og dagskrá félagsmiðstöðva í Kópavogi.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kys svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavogs. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísi til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Samstarf við foreldra

Samstarf við foreldra hefur farið batnandi síðustu ár. Samþætting er á milli útvaktar félagsmiðstöðva og foreldrarölsins og á dagskrá er að halda sameiginlega viðburði með foreldrafélaginu til að safna fyrir útskriftarferð 10. bekkjar. Í upphafi árs eru haldnar kynningar á starfi Dimmu fyrir foreldra á miðstigi og í unglingadeild.

Verkefni tengd aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglunga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Verkferlar

Verkferlalisti var settur saman í fyrra til að auðvelda aðgengi starfsfólks að ýmsum verkferlum. Verkferlarnir voru prentaðir út og eru aðgengilegir öllu starfsfólki. Einnig voru þeir kynntir á starfsmannafundi.

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tobaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útvaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Innra mat og ytra mat

Innra mat

Starfsmanna- og nemendaráðsfundir eru okkar helsti vettvangur til þess að meta starfið. Á fundum eru unglingarnir og starfsfólk hvött til að tjá sig og skoðanir sínar á starfinu svo hægt væri að gera starfið betra og bæta það sem þarf. Dagopnanir eru einnig nýttar þegar starfsfólk nær góðu spjalli við unglingana sem sækja félagsmiðstöðina á dagopnunum. Einnig notum við fjöldatölur til að meta innra starfið, þær gefa okkur ekki beinar upplýsingar um gæði og skilvirki þjónustunnar en geta þó hjálpað okkur að koma auga á hvaða árgangar eru að mæta vel og

hverjir ekki, og getum við þá brugðist við því. Starfsánægja er einnig hluti sem er vel mælanlegur og skiptir grundvallarmáli í starfinu okkar þar sem við sköpum það umhverfi sem krakkarnir sækja. Forstöðumaður leggur mikla áherslu á starfsánægju. Á starfsmannafundum hvetur forstöðumaður starfsfólkið og hrósar fyrir vel unnin störf. Einnig taka starfsmenn þátt í Starfsmannpúlsi sem er framkvæmdur af Skólápúlsinum. Í sumar var fyrsta skipti reynt á mælingum árangurs í hópastarfi og ánægjukönnun gerð á meðal unglunga í félagsmiðstöðinni. Niðurstöðum er enn að vænta en gert er ráð fyrir að framkvæma slíkar mælingar áfram í starfi félagsmiðstöðva.

Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknnum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglunga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Símenntun

Reglulega fá starfsmenn Dimmu starfsmannafræðslu og tengist sú fræðsla inni félagsmiðstöðvastarfið. Einnig eru starfsmannafundir reglulega og ígrundun eftir hverja kvöldopnun. Velkominn til starfa er viðburður þar sem haustið er kynnt fyrir starfsfólki. Breyting hefur orðið á þessum viðburði þar sem starfsfólk upplifði að fræðslur með utanaðkomandi fræðara var ekki að mæta þeirra væntingum og óskum. Fyrirkomulagið núna er á þann hátt að nýir starfsmenn sitja almenna fræðslu um félagsmiðstöðvastarf og eldri starfsmenn sitja fræðslu sem er í búningi umræðuhóps um ákveðin málefni. Forstöðumenn „deildarstjóri og verkefnastjóri frístundadeildar undirbúa og stýra þessari hópavinnu.

Forstöðumönnum og starfsmanni hæsta hlutfalli á starfstöð býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu. Einnig munu félagsmiðstöðvarnar standa fyrir fræðslu í sínu starfi sem snýr að ákveðnu málefni hvern mánuð.

Símenntuntunaráætlun 2023-2024

Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
-------------	-----------------	--------------	--------------	----------------------

23. ágúst Kl 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <u>Böll</u> <u>Útivaktir</u> <u>Sértækt</u> <u>hópastarf</u> <u>Nýir starfsmenn</u> <u>Tilkynning til barnaverndar</u> <u>Fritundadeild</u>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst Kl. 19.00-20.00	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði 😊	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálp.	Skyndihjálp	Fræðsluvefur Kópavogsbær	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október Kl. 17.00-19:00	Hinsegin fræðsla- Hinsegin vika í tengslum við Forvarnarvikuna	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Samtökin 78
6.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfærakistu-Dagur Spilasmiðja Brjóstsýkursgerð Föndur D&D	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó-miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla-Farsældarlöging	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð í innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar kl. 17.00-19.00	Sjálfsvarnar-námskeið	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar kl. 10.00-11.00	Stjórnendafræðsla.	Árangur í teymisvinnu	Fannborg 2, fundarherbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5. og 7.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Rvk borgar og Samfés
4.mars kl. 17.00-19.00	Verkfærakistu-dagur.	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi,	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn

		fræðsluferðum og öðru.		
--	--	------------------------	--	--

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
Forvarnarvikan	Október
Fjölmennning	Nóvember
Hinsegin málefni	Janúar
Kynfræðsla-Vika 6	Febrúar
Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi/Samfestingur	Mai

Fjöldatölur

Ágúst 2022 – **127**

September 2022 – **1697**

Október 2022 – **1483**

Nóvember 2022 – **1534**

Desember 2022 – **852**

Janúar 2023 – **1437**

Febrúar 2023 – **1154**

Mars 2023 – **1556**

Apríl 2023 – **801**

Mai 2023 – **835**

Júní 2023 – **350**

Júlí 2023 – **90**

Starfsmenn Dimmu

Sunna Rut Garðarsdóttir – Forstöðumaður

